

Nd.

895. Frumvarp

til laga um húsagerð ríkisins.

(Eftir 3. umr. í Ed.)

1. gr.

Landsstjórninni er heimilt að láta reisa, svo fljótt sem því verður við komið:

1. Landsspítala.

Þessi liður er bundinn því skilorði, að bæjarstjórn Reykjavíkur leggi fram fjórðung kostnaðar.

2. Viðbót við geðveikrahælið á Kleppi.

3. Skólahús á Eiðum.

4. Húsmæðraskóla á Norðurlandi, samkvæmt lögum nr. 37, 26. okt. 1917.

2. gr.

Til húsagerða þeirra, sem um ræðir í 1. gr., er stjórninni heimilt að taka á ábyrgð ríkissjóðs nægilega stórt lán, er endurgreiðist á 20—30 árum.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.